

Framtíðarsýn Reykjanesbæjar, Sandgerðis og

Garðs í menntamálum:

Tilnefning til nýsköpunarverðlauna í opinberri

þjónustu og stjórn-sýslu

Gylfi Jón Gylfason,

fræðslustjóri Reykjanesbæjar

Framtíðarsýn Reykjanesbæjar í menntamálum

Frá árinu 2002 hefur framtíðarsýn Reykjanesbæjar verið mótuð til fjögurra ára í senn. Lögð hefur verið fram sýn bæjarfélagsins á hvernig samfélag það vill byggja og áhersla í helstu málaflokkum mótuð. Þegar framtíðarsýn í menntamálum var smíðuð árið 2011, var það metnaðarfulla markmið sett að leik- og grunnskólar bæjarins kæmst í fremstu röð á landsvísu. Fulltrúar allra stjórnmalaflokka í bæjarstjórn þriggja sveitarfélaga flyktust um þessa framtíðarsýn. Framtíðarsýnin er meðal annars mótuð með hliðsjón af sáttmála sem allir skólastjórnendur leik- og grunnskóla á svæðinu skrifuðu undir. Sáttmálinn er viljayfirlýsing um að stuðla að bættum námsárangri barna á Reykjanesi og samþættingu læsis og stærðfræði í leikskólastarfi.

Nýjar áherslur og jákvæð umfjöllun

Framtíðarsýn Reykjanesbæjar slær ferskan og jákvæðan tón í umræðu um stöðu menntamála á Reykjanesi. Á undanförunum árum hefur neikvæður tónn verið einkennandi í umræðu um menntamálin og mikið verið rætt um slæma stöðu svæðisins. Lág t menntunarstig, mikið atvinnuleysi og námsárangur undir meðallagi eru meðal þeirra atriða sem oftast eru nefnd. Í framtíðarsýn Reykjanesbæjar er lögð áhersla á þau fjölmörgu sóknarfæri sem bærinn hefur á sviði menntamála. Rík áhersla er lögð á að skapa börnum öruggt og styðjandi umhverfi sem einkennist af góðum tækifærum til náms, þar sem börn geta þroskað hæfileika sína. Leik- og grunnskólar gegna veigamiklu hlutverki í framtíðarsýninni, þar sem lögð er áhersla á skilvirkt skólastarf. Framtíðarsýninni er ætlað að bæta stöðu svæðisins til frambúðar, þar sem áhersla er lögð á aukna og betri menntun barna.

Hlutverk og verklag framtíðarsýnar

Segja má að hlutverk framtíðarsýnar í menntamálum sé tvennskonar. Annars vegar skapar framtíðarsýnin leik- og grunnskólum bæjarins áherslu, stuðning og aðhald í daglegu skólastarfi. Hver skóli heldur sínum sérkennum og mótar eigin aðferðir til þess að mæta markmiðum framtíðarsýnarinnar. Hins vegar veitir framtíðarsýnin verklag sem hefur bein áhrif á daglegt skólastarf. Verklag framtíðarsýnar einkennist af; 1) áherslu á læsi og stærðfræði í leik- og grunnskólum, 2) notkun skimunarprófa í lestri og stærðfræði, 3) frammistöðumati, 4) góðri

samvinnu heimilis og skóla og 5) rannsóknum og gagnvirku sambandi við háskólasamfélagið.

Áhersla á læsi og stærðfræði

Í framtíðarsýn Reykjanesbæjar í menntamálum er lögð aukin áhersla á læsi og stærðfræði í leik- og grunnskólum. Að mati þeirra sem mótuðu framtíðarsýnina liggja þessar tvær greinar til grundvallar í fjölmörgu sem nemendur taka sér fyrir hendur í daglegu lífi. Markviss kennsla og þjálfun í undirstöðuatriðum lesturs og stærðfræði snemma á skólagöngunni gegnir lykilhlutverki í framtíðarsýninni, þar sem markmiðið er að skapa nemendum betri tækifæri til náms og um leið að bæta námsárangur barna á svæðinu.

Í framtíðarsýninni er lögð áhersla á þau tækifæri sem gefast á fyrstu árum barna í skólakerfinu og mikilvægi þess að hefja markvissa þjálfun snemma. Markviss kennsla og þjálfun í lestri og stærðfræði hefst strax þegar börn byrja í leikskóla. Kennslan og þjálfunin fer fram með aðferðum og áherslum hvers leikskóla, þar sem nám í gegnum leik er haft í hávegum. Markmiðið með markvissri kennslu í leikskóla er að mennta nemendur, undirbúa þá undir lífið og um leið að efla þá svo þeir ráði betur við þau krefjandi verkefni sem þeir þurfa að takast á við þegar komið er í grunnskóla. Í grunnskólunum er einnig lögð rík áhersla á að börn nái tökum á undirstöðufærni í lestri og stærðfræði. Grunnskólarnir starfa eftir þeim aðferðum og áherslum sem hver skóli hefur mótað sér, með það að markmiði að auka færni nemenda í þessum grunngreinum. Markmið framtíðarsýnar er að leik- og grunnskólar séu í flokki fremstu skóla á landinu hvað varðar kennslu og námsárangur í læsi og stærðfræði.

Notkun skimunarprófa í lestri og stærðfræði

Skimunarpróf í lestri og stærðfræði eru mikilvægur hluti af verklagi framtíðarsýnarinnar. Markviss notkun skimunarprófa er í samræmi við nýjustu rannsóknir á sviði menntunar sem hafa ítrekað sýnt fram á mikilvægi snemmbærrar íhlutunar í lestri og stærðfræði. Þá fer fram markviss leit að börnum sem eru í áhættu fyrir námserfiðleikum í lestri og stærðfræði, með það að markmiði að veita þeim börnum viðeigandi aðstoð snemma á skólagöngunni.

Þrátt fyrir að rík áhersla sé á að kenna börnum undirstöðufærni í lestri og stærðfræði í almennu skólastarfi, er ávallt ákveðinn hópur barna sem á erfitt með að tileinka sér þá færni. Mikilvægt er að leik- og grunnskólar búi yfir árangursríkum

aðferðum til þess að finna þennan hóp barna sem fyrst og veita þeim viðeigandi aðstoð. Markviss notkun skimunarprófa í lestri og stærðfræði er ein þeirra aðferða sem leik- og grunnskólar Reykjanesbæjar nota í daglegu starfi sínu til þess að finna þann hóp barna sem geta lent í námserfiðleikum í þessum greinum og hefja snemmtæka íhlutun. Með notkun gagnreyndra mælitækja er stuðlað að því að hægt sé að finna þau börn snemma sem eru í áhættu og auka færni þeirra í lestri og stærðfræði. Starfsfólk skólanna getur því brugðist snemma við, jafnvel áður en tiltekinn vandi er öllum sýnilegur.

Í skólum Reykjanesbæjar hefst markviss skimun á elsta ári í leikskóla, þegar skimað er fyrir hljóðkerfisvanda með *Hljóm-2*. Þá er skimað fyrir lestrarerfiðleikum með *Leið til læsis* í 1. og 2. bekk. Í kjölfarið er skimað fyrir lestrarerfiðleikum með völdum þáttum úr lestrargreiningartækinu *LOGOS* á þriggja ára fresti, fyrst í 3. bekk, svo í 6. bekk og loks í 9. bekk. Skimað er fyrir erfiðleikum í stærðfræði með *Talnalykli*, í 3. bekk og 6. bekk. Þegar niðurstöður liggja fyrir úr skimunarprófum, hittast skólastjórnendur, kennarar skólanna og ráðgjafar Fræðsluskrifstofunnar og fara yfir niðurstöðurnar fyrir hvern nemanda þar sem staða hans er rædd og tekin afstaða til þess hvort nemandinn þurfi aukna aðstoð. Unnið er markvisst með niðurstöður prófunarinnar í þeim tilgangi að styrkja einstaklinginn þar sem þess þarf, en niðurstöður prófunarinnar eru ávallt kynntar foreldrum. Einnig nota kennarar í leik- og grunnskólunum niðurstöður prófanna til þess að endurmeta kennsluáðferðir sínar. Markmiðið er að geta veitt þeim börnum sem eiga í erfiðleikum aukna aðstoð snemma og þar með fækka þeim börnum sem eiga við námserfiðleika að stríða.

Frammistöðumat

Reykjanesbær leggur áherslu á bættan námsárangur og því er frammistöðumat mikilvægur hluti af framtíðarsýninni. Með því að meta árangur skólastarfsins fást mikilvægar upplýsingar sem nota má til þess að stuðla að skilvirku skólastarfi. Í frammistöðumatinu er meðal annars lögð áhersla á samræmd könnunarpróf, þar sem þau veita mikilvægar upplýsingar um stöðu nemenda. Einnig bjóða niðurstöður könnunarprófanna upp á samanburð við aðra skóla eða árangur fyrri ára, þar sem hægt er að fylgjast með þróun árangurs nemenda í grunnskólum Reykjanesbæjar.

Frammistöðumat sem byggir á samræmdum könnunarprófum er notað á tvennan hátt. Annars vegar til þess að meta árangur skólastarfsins og afla upplýsinga um hvar nemendur standa miðað við jafnaldra sína. Niðurstöður prófanna eru greindar

fyrir bæjarfélagið í heild, þar sem starfsfólk skólanna og Fræðsluskrifstofu fara yfir niðurstöðurnar. Hins vegar er frammistöðumatið notað til að efla innra starf hvers skóla, þar sem stjórnendur og kennarar skólanna fara ítarlega yfir niðurstöður prófanna og kynna fyrir samstarfsfólki sínu. Markmið frammistöðumatsins er að fá haldbærar upplýsingar um stöðu nemenda í Reykjanesbæ sem nýta má til að stuðla að framförum í skólastarfinu. Þá er frammistöðumatinu ætlað að veita aðhald, en jafnframt stuðning og hvatningu.

Góð samvinna heimilis og skóla

Góð samvinna heimilis og skóla er í hávegum höfð í framtíðarsýn Reykjanesbæjar. Lagt er upp með að gott upplýsingaflæði sé milli leik- og grunnskóla og foreldra/forráðamanna og að góð samvinna sé um að tryggja að nemendum gangi vel og líði sem allra best í skólunum. Leik- og grunnskólar bæjarins vinna náið með foreldrum, hvetja þá, fræða og upplýsa um ýmsar leiðir til að örva og efla læsi og stærðfræðipækkingu barna sinna. Leik- og grunnskólar í Reykjanesbæ bjóða foreldrum reglulega upp á fjölbreytta fræðslu, en þar má nefna fræðslu um hvernig best sé að standa að lestrarnámi barna.

Til að fylgjast með ánægju foreldra með samvinnu við leik- og grunnskóla bæjarins, eru foreldrar hvattir til þess að taka þátt í foreldrakönnunum sem skólarnir standa reglulega að. Markmiðið er að afla mikilvægra upplýsinga um upplifun foreldra á skólastarfinu, sem nýttar eru til þess að efla daglegt skólastarf í leik- og grunnskólum bæjarins.

Rannsóknir og gagnvirkt samband við háskólasamfélagið

Lögð er áhersla á að stuðla að rannsóknum á þeim aðferðum og mælitækjum sem lögð eru fram í verklagi framtíðarsýnar. Í átt að þessu markmiði er rík áhersla lögð á gagnvirkt samband við háskólasamfélagið, þar sem nemendum háskólanna standa til boða ýmis verkefni sem þeir geta nýtt sér sem hluta af námi sínu.

Í kjölfar þess að áhersla var lögð á markvissa notkun skimunarprófa í skólastarfinu var hafin rannsókn á forspárgildi og gagnsemi þeirra. Á vormánuðum árið 2013 var lokið við rannsóknir þar sem forspárgildi prófanna *Leið til læsis* (lagt fyrir í öðrum bekk) og *LOGOS* (lagt fyrir í þriðja bekk) fyrir árangur barna í samræmdum könnunarprófum í íslensku í fjórða bekk var kannað og reyndist forspá þeirra um árangur í íslensku mikil. Þá hefur gagnsemi *LOGOS* prófsins í skimun

verið könnuð, þar sem skimunarstaðlar eru lagðir fram. Niðurstöðurnar skulu kynntar fyrir skólasamfélaginu, en stefnt er að því að birta niðurstöður rannsókna í ritrýndum tímaritum næsta vetur.

Áhrif framtíðarsýnar á daglegt skólastarf

Í kjölfar þess að framtíðarsýnin var kynnt, hófst markviss vinna í leik- og grunnskólum bæjarins til mæta markmiðum hennar. Jákvæð umræða um tækifæri hvers skóla og bæjarins fylgdi í kjölfarið. Framtíðarsýnin skapaði áherslu, hvatningu, stuðning og aðhald fyrir daglegt skólastarf, en á sama tíma fengu skólarnir að halda sínum sérkennum og frelsi til að móta eigin aðferðir til að mæta markmiðum framtíðarsýnar. Í framtíðarsýninni eru starfsmenn leikskólanna hvattir til þess að nýta tækifærin til þess að vinna með grunnfærni lesturs og stærðfræði fyrr en áður hefur verið gert. Í stað þess að bjóða aðeins elstu börnum leikskólans kennslu í lestri og stærðfræði, fóru starfsmenn leikskólanna að vinna með grunnfærni lesturs og stærðfræði markvisst á öllum aldurstigum leikskólans.

Samstarf leik- og grunnskóla hefur aukist í kjölfar framtíðarsýnar. Að sögn skólastjórnenda í Reykjanesbæ hafði framtíðarsýnin jákvæð áhrif á samstarf þessara tveggja skólastiga. Sameiginleg markmið og sýn um að bæta námsárangur hvetur skólana til samvinnu, þar sem starfsmönnum gefst kostur á að fylgjast með starfi hvers annars og vinna að þróun árangursríkra kennsluáðferða.

Næstu skref

Skólastjórnendur leik- og grunnskóla í Reykjanesbæ eru á einu máli um mikilvægi þess að skapa börnum góð tækifæri til náms. Að mati skólastjórnenda er mikill kraftur og gróska í skólastarfinu í Reykjanesbæ, þar sem góðir og metnaðarfullir kennarar leiða það mikilvæga starf sem fer fram í skólunum alla daga.

Aðspurðir um hver séu næstu skref við núverandi framtíðarsýn segja skólastjórnendur að mikil tækifæri séu á sviði menntunar á komandi árum. Samhliða áherslu á góðan námsárangur telja skólastjórnendur leik- og grunnskóla að mikilvægt sé að rík áhersla verði lögð á aðra þætti skólastarfsins líkt og vellíðan barna í skólanum, jafnrétti og lýðræði. Ein helsta áskorunin sem skólarnir standa frammi fyrir á næstu árum er að finna leiðir til þess að virkja áhuga nemenda. Það er mikilvægt að nemendur séu fróðleiksfúsir, áhugasamir og búi yfir færni til að leita svara við þeim spurningum sem hjá þeim kvikna. Þá sjá skólastjórnendur mikil tækifæri í að brúa

bilið á milli leik- og grunnskóla og stuðla að meiri samfellu í starfinu. Með núverandi framtíðarsýn hefur verið stigið mikilvægt skref í þá átt.

Það er mikill samhugur hjá starfsfólki leik- og grunnskólanna að skapa börnum í Reykjanesbæ góð tækifæri til menntunar. Samvinna skólanna og markviss kennsla þeirra í lestri og stærðfræði geta stuðlað að því að opna fjölmörg tækifæri fyrir börnin til að þroska hæfileika sína og láta drauma sína rætast. Mikilvægt er að hafa skýra sýn um hvert skal stefnt, en á sama tíma þarf að sýna biðlund og þolinmæði þar til markinu er náð. Framtíðarsýnin skapar jákvæða umfjöllun um þau fjölmörgu tækifæri sem bærinn hefur, stuðlar að samvinnu og skapar hvatningu og stuðning fyrir lærdómssamfélagið að koma leik- og grunnskólum Reykjanesbæjar í fremstu röð.

Niðurstaða:

Auðvelt er að meta árangur af verkefninu með því að skoða framfarir á svæðinu eins og þær koma fram á samræmdum könnunarprófum Námsmatsstofnunar. Endanlegar tölur liggja ekki fyrir í ár, en bráðabirgðatölur sýna að miklar framfarir hafa orðið á samræmdum könnunarprófum síðastliðin tvö ár í Reykjanesbæ, Garði og Sandgerði en þessi þrjú sveitarfélög starfa eftir sömu framtíðarsýn. Um árábil hafa skólar á þessu svæði verið með að meðaltali hvað lakastan árangur á landinu. Því tímabili er nú lokið. Samhliða framförum hefur áhugi nemenda á námi aukist. Niðurstöður úr Skólavoginni, tæki sem notað er til að safna upplýsingum um grunnskólastarf sýna til dæmis að nemendur í Reykjanesbæ hafa meiri áhuga en gengur og gerist á stærðfræði. Framfarir hafa orðið í leikskólum í læsi og stærðfræði, en grunnskólakennarar segja börn koma betur undirbúin undir grunnskólagöngu en áður.

Við teljum nýsköpunargildi og frumleika verkefnisins mikinn, viðsnúningi og bættum námsárangri líkt og gerst hefur hjá okkur með samræmdri aðferðafræði hefur ekki tekist að ná fram nema í einstaka skólum, ekki á heilu landssvæði líkt og hjá okkur. Almennagildi þess er afar mikilvægt, við teljum okkur geta menntað börnin okkar út úr kreppunni með því að bæta námsárangur þeirra og minnka brottfall í framhaldsskólum og auka líkur á að nemendur ljúki framhaldsnámi. Aðferðafræði okkar má nota til að spara fé, rekstrarlegur ávinningur getur því verið mikill, þótt það sé ekki tilgangur verkefnisins. Skilvirk aðferðafræði gerir okkur kleift að kenna betur á skemmri tíma en aðrir, en forsenda þess að geta stýtt grunnskólann, komi til þess, er aukin skilvirkni og gæði.

Það er mat okkar sem að framtíðarsýninni standa að þær einföldu en um leið frumlegu aðferðir sem beitt er í framtíðarsýninni geti breytt öllu skólastarfi á landinu til hins betra á mjög skömmum tíma, það sýnir árangur okkar.

Virðingarfyllst

Gylfi Jón Gylfason,

fræðslustjóri Reykjanesbæjar

Verkefnið heyrir undir Reykjanesbæ, Sandgerði og Garð

Starfsmenn sem koma að verkefninu eru ríflega 500 á leik og grunnskólastigi.

Tengiliður er Gylfi Jón Gylfason fræðslustjóri, s. 4216700, farsími 8649180, netfang: gylfi.j.gylfason@reykjanesbaer.is